

BORGARRÁÐ 29. ágúst 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um innleiðingu straumlínustjórnunar - R19080208

Nú heyrir æ oft að meirihlutinn í borginni kynnir með stolti fyrirhugaða innleiðingu Lean/Straumlínustjórnunar. Lean er lýst sem umbótarkerfi sem snýst um að finna út hvað er virði fyrirtækisins í augum viðskiptavinarins og finna þær aðgerðir sem skapa virði, sem skapa ekki virði og eru sóun. Það er vissulega gott og blessað. Það er hins vegar alþekkt að sums staðar sem Lean hefur verið innleitt þá hefur það ekki tekist vel, ekki virkað og ekki verið mikil ánægja með það. Sums staðar hefur það hreinlega alls ekki verið virkað og starfsmenn verið því andsnúnir. Hér er um að ræða mikla fjármuni, sem sennilega hleypur á tugi milljóna og ef Lean kerfið á ekki við þá er er þessum fjármunum sóað. Borgarfulltrúi Flokks fólksins vill spyrja hvað miklum fjármunum er stefnt að því að verja í innleiðingu Lean og hvar innan borgarkerfisins verður það innleitt? Hvað hefur verið gert í aðdraganda þess að ákveðið er að taka inn Lean sem staðfestir að það muni virka vel á starfsstöðum borgarinnar? Hvaða athuganir/rannsóknir liggja til grundvallar innleiðingunni í borginni?